

AUGLÝSING

um gildistöku samnings milli EFTA-ríkjanna og Efnahagsbandalags Evrópu um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða.

Samningur frá 19. desember 1989 milli lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands, lýðveldisins Íslands, konungsríkisins Noregs, konungsríkisins Svíþjóðar og sambandsríkisins Sviss, annars vegar, og Efnahagsbandalags Evrópu, hins vegar, um upplýsingaskipti vegna tæknilegra reglugerða öðlast gildi 1. nóvember 1990, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 18/1990 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. október 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

8. nóvember 1990

Nr. 31

AUGLÝSING

um breytingar á Norðurlandasamningi um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknþjónustunnar.

Hinn 2. nóvember 1990 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samkomulagi um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknþjónustunnar sem gert var í Reykjavík 28. febrúar 1990. Breytingin öðlast gildi 2. desember 1990. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, sbr. auglýsingar nr. 11/1983, 13/1989 og 4/1990.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Jafnframt er birt sem fylgiskjal 2 samkomulag um breytingu á samningnum sem gert var í Skagen 27. ágúst 1987 og Ísland gerðist aðili að 18. september 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1989.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMKOMULAG

um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknþjónustunnar

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að breyta samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknþjónustunnar, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

12. grein í samningnum frá 25. ágúst 1981 skal hljóða svo:

„Rétt til að öðlast viðurkenningu sem sjóntækjafraeðingur í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð öðlast þeir sem hafa lokið fimm ára undirstöðunámi í sjóntækjafraeði við sérskóla í Danmörku eða, í þeim tilvikum þegar um er að ræða starfandi sjóntækjafraeðing við gildistöku samningsins, lokið verknámi í greininni.“

2. gr.

Við bætist ný grein, 22. gr. a), svohljóðandi:

„Nú hefur sjóntækjafræðingur fengið leyfi til að starfa sem augnlinsufræðingur í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og skal hann þá eiga rétt á samsvarandi viðurkenningu í hinum ríkjunum.

Sjóntækjafræðingur í Danmörku, sem hefur lokið 1. og 2. stigi í augnlinsunámi því sem viðurkennt er af atvinnumálaráðuneytinu, skal einnig eiga rétt á viðurkenningu sem augnlinsufræðingur í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Réttur til að fá leyfi sem augnlinsufræðingur í öðru samningsríki skv. 1. og 2. mgr. er háður því að sjóntækjafræðingurinn hafi fengið þar leyfi sem sjóntækjafræðingur og hafi það enn.“

3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku þess.

Vörsluaðili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga.

Samkomulag þetta skal gilda svo lengi sem samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

4. gr.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum aðilunum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Reykjavík 28. febrúar 1990 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fylgiskjal 2.**SAMKOMULAG**

**um breytingu á samningi milli Danmerkur,
Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981
um viðurkenningu á starfsréttindum innan
heilbrigðisþjónustunnar og
dýralæknþjónustunnar**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem óska að breyta samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknþjónustunnar, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

14. gr. í samningi frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknþjónustunnar skal hljóða svo:

„Sá á rétt til að fá viðurkenningu sem röntgenskötare í Finnlandi og radiograf í Noregi

a) sem hefur fengið leyfi í Danmörku sem radiograf í samræmi við reglur yfirstjórnar heilbrigðismála, og

AFTALE

**om ændring af overenskomsten mellem Danmark,
Finland, Norge og Sverige af 25. august 1981 om
godkendelse af erhvervsudøvelse for visse
personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og
veterinærvæsenet**

Danmarks, Finnlands, Norges og Sveriges regeringer, som ønsker at ændre overenskomsten af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet, har aftalt følgende:

Artikel 1

Artikel 14 i overenskomsten af 25. august 1981 om godkendelse af erhvervsudøvelse for visse personalegrupper inden for sundhedsvæsenet og veterinærvæsenet skal have følgende ændrede ordlyd:

“Ret til at få godkendelse som röntgenskötare i Finland og radiograf i Norge har

a) den, der i Danmark har fået bevis som radiograf i overensstemmelse med sundhedsstyrelsens retningslinier, og

b) sem hefur lokið í Svíþjóð menntun sem röntgenassistent sem stendur í 2½ ár og viðurkennd er af háskólaráði ásamt yfirstjórn háskólamála eða samsvarandi eldri tveggja ára menntun eða menntun á heilbrigðisbraut í röntgengreiningu (90 punktar).“

2. gr.

Frumriti þessa samkomulags skal komið í vörslu hjá sænska utanríkisráðuneytinu sem sendir hinum samningsríkjunum staðfest afrit af því.

3. gr.

Samkomulag þetta gengur í gildi 30 dögum eftir að öll samningsríki hafa tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að uppfylltar hafi verið þær kröfur sem gerðar eru til gildistöku þess.

Vörsluaðili skal tilkynna öðrum samningsríkjum um móttöku slíkra tilkynninga.

Samkomulag þetta skal gilda svo lengi sem samningurinn frá 25. ágúst 1981 er í gildi.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samkomulag þetta.

GJÖRT í Skagen 27. ágúst 1987 í einu eintaki á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

b) den, der i Sverige har gennemgået en af universitets- og højskoleämbetet samt skoleoverstyrelsen godkendt uddannelse af 2½ års varighed til röntgenassistent eller tilsvarende ældre 2-årig uddannelse eller hälso- och sjukvårdslinjens uddannelse i diagnostisk radiologi (90 point).”

Artikel 2

Originaleksemplaret af denne aftale skal deponeres i det svenske udenrigsministerium, som skal oversende bekræftede genparter til de øvrige kontraherende stater.

Artikel 3

Denne aftale træder i kraft, 30 dage efter at samtlige kontraherende stater har meddelt til det svenske udenrigsministerium, at de foranstaltninger, som kræves for aftalens ikrafttræden er gennemført.

Depositaren underretter de øvrige kontraherende stater om tidspunktet for modtagelsen af disse meddelelser.

Denne aftale er gældende så længe overenskomsten af 25. august 1981 er i kraft.

SOM BEKRÆFTELSE HERPÅ har undertegnede tilbørligt befuldmægtigede repræsentant undertegnet denne ændringsaftale.

UTFÆRDIGET I Skagen den 27. august 1987 i ét eksemplar på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster alle har samme gyldighed.

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1950 var við aðild Ungverjaland að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að Ungverjaland skyldi öðlast rétt á sjö þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 6. nóvember 1990.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 8. nóvember 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.